

Ed.

400. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabréf.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laganna verði þannig:

Öll skuldabréfin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveðnr nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. gr.

3. gr. laganna verði þannig:

Skuldabréfin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára, og með vaxta-
miðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að bréfin megi vera lengst í umferð.

Af skuldabriefum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabriefaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabriefin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er briefin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun briefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

3. gr.

7. gr. laganna er úr gildi numin.

4. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á framanskráðum lögum, skal innfæra í texta laga nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabrief, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.